

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um embættisbækur hreppstjóra. — Eptir að jeg hafði skorað á yður herra amtmaður að segja mjer álit yðar um umkvörtun hreppstjórans í Mosfellssveit yfir því, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði neitað að kosta embættisbækur hans, hafð þjer tekið fram, að enginn vafi geti verið um, að ákvörðun hreppstjórareglugjörðarinnar frá 29. apríl 1879, að embættisbækur hreppstjóra skuli kostaðar úr sýslusjóði, hafi bindandi krapt fyrir sýslunefndirnar. Því þar sem sveitarstjórnarlögin gjöri ráð fyrir, að landshöfðingi gefi út reglugjörð fyrir hreppstjóra og ákvörðun um kostnað við embættisbækur hreppstjóra óneitanlega eigi heima í slíkri reglugjörð og ekki komi í bága við neinar lagaákvæðanir, þá sje það vitaskuld, að hin nefnda ákvörðun hafi fullt lagagildi. Megi því, ef þörf gjör-
ist, beita þvingunarsektum gegn sýslunefndunum til þess að fá þær til að hlýðnast því, sem fyrirskipað hafi verið í þessu tilliti.

Um það, sem þjer, herra amtmaður, þannig hafð tekið fram, er jeg yður sam-
dóma, og býst jeg við, að þjer sjáið um, að sýslunefnd sú, sem hjer á hlut að máli, útvegi sem fyrst embættisbækur þær, er hreppstjórar sýslunnar hafa þörf á.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um sjer-
stakt manntalsþing. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, fellst jeg á, að sýslu-
maðurinn í Barðastrandarsýslu haldi eptirleiðis sjerstakt manntalsþing í Garpsdal fyrir
Geiradalshrepp, og er þetta samþykki mitt bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í þess-
um hreppi sjái um, að til verði á þessum stað tilhlýðilegt hús til þinghalda. Með þess-
ari ákvörðun er engin breyting gjörð á Berufjarðarþinghá sem dómsþinghá.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstaf-
anar.

— Brjef landshöfðingja til biskups um breytingu á skipun prestakalla. — Í brjefti
dags 6. þ. m. hafð þjer, herra biskup, borið undir úrskurð minn frumvarp eitt, sem
samþykkt hefir verið á hjeraðsfundi Eyjafjarðarprófastsdæmis, til svofelldrar breytingar á
þeirri skipun prestakalla þar í prófastsdæminu, sem ákveðin er með lögum 27. febr. 1880:

1. að Saurbøjarprestakall verði Hóla, Saurbøjar og Miklagarðssóknir.
2. að Grundarprestakall verði Möðruvalla og Grundarsóknir, að til Grundarsóknar legg-
ist 6 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn: Espihóll, Víðirgerði, Merkigil, Stokkahlöður,
Botn og Hranastaðir, og að brauðið verði þar að auki bætt upp með 150 kr. frá
Akureyrarprestakalli.
3. að Akureyrarprestakall verði Munkapverár, Kaupangs og Akureyrarsóknir, þó svo að
6 hinir fyrr nefndu bæir leggist til Grundar frá Akureyrarbrauði, og að þaðan
greiðist og 150 kr. árlegt tillag.

Um þetta efni skal jeg hjer með tjá yður, herra biskup, það, er hjer segir:

Þar sem í 4. gr. laganna 27. febr. 1880 um skipun prestakalla er kveðið svo á:
31. dag janúarm. 1882.

3 18. jan. «Nú vilja söfnuðir breyta skipun sókna eður brauða og hjeradsfundur samþykkir, þá er rjett, að landshöfðingi með ráði biskups staðfesti breytinguna», þá kynni svo að sýnast eptir bókstafnum, sem landshöfðingja sje með þessu veitt vald til að umsteypa með ráði biskups eptir ósk hlutaðeigandi safnaða, ef hjeradsfundur hefir á hana fallizt, allri þeirri skipun á prestaköllum landsins er löggjafarvaldið hefir ákveðið.

En það er auðsætt, að þessi getur ekki verið rjettur skilningur nefndrar lagaákvörðunar, er tilgangur hennar hefir alls ekki sá verið, að takmarka ákvæði löggjafarvaldsins um meginreglurnar fyrir skipun prestakallanna, heldur hitt að eins, að heimila umboðsvaldinu að koma þeim breytingum á hina lögákvæðnu skipun, sem hlutaðeigandi söfnuðum kynnu að þykja óskilegar og hentugar, án þess þær ríði í bága við grundvallarreglur hennar. En þetta frumvarp hjeradsfundarins gengur, að því, er jeg fæ sjeð, miklu lengra, þar sem það fer eigi að eins fram á fullkomna umsteyping hinna þriggja prestakalla, er talin eru í 1. gr. laga 27. febr. 1880 tl. 124, 125 og 126, heldur gjörir einnig, eins og á er drepíð í ofanefndu brjefi yðar frá 6. þ. m. og samkvæmt ummælum hjeradsprófastsins í brjefi hans til yðar, herra biskup, óbeinlínis ráð fyrir að frekari breyting verði gjör á skipun Akureyrarbrauðs, og að Glæsibøjarsókn ásamt Lögmannahlíðarsókn verði tekin upp á ný sem sjálfstøtt prestakall, en þessu mun væntanlega eigi verða við komið án kostnaðar fyrir landssjóð. Fyrir því er það mitt álit, að landshöfðingja beri eigi að staðfesta breyting þá, sem hjer er farið fram á, en að leggja beri hana undir úrskurð löggjafarvaldsins, og það á þann hátt, að út megi kljá um allt málið í heild sinni, einkanlega einnig um það atriði, hver áhrif hin fyrirhugaða breyting eigi að hafa beinlínis eða óbeinlínis, að því er til Glæsibøjjarbrauðs kemur.

Með því nú að jeg ætla að leggja það til, að lagt verði fyrir alþingi árið 1883 frumvarp til laga um breytingar þær, er hjer um ræðir, á lögum 27. febr. 1880, vil jeg biðja yður, herra biskup, að senda mjer, eptir að hlutaðeigandi sóknarnefnd og hjeradsfundi hefir veizt færi á að láta álit sitt um málið í ljósi, tillögur yðar um það, hvort nefnt lagafrumvarp eigi og að fara fram á, að Glæsibøjjar og Lögmannahlíðarsóknir verði á ný gjörðar að sjálfstöðu prestakalli.

Að því er til hinna einstöku atriða kemur í frumvarpi því, er hjeradsfundur Eyjafjarðarprófastsdæmis hefir samþykkt, skal jeg bæta því við, að þar sem fram á það er farið að leggja 6 fremstu bæi Akureyrarsóknar til Grundarsóknar, þá þykir það að vísu engrar ísjár vert að staðfesta það atriði frumvarpsins, svo framarlega sem sóknir þær er hlut eiga að máli, óska breytingar þessarar og hjeradsfundur fellst á hana, hvort heldur sem hin önnur atriði frumvarps þessa fá framgang eður eigi. En þó að það sje fram tekið í brjefi prófasts, að fulltrúar allra safnaða, er hlut eiga að, hafi verið á eitt sáttir um þetta mál, þá verður eigi af því sjeð, hvort samhljóðun þessi hafi verið við það bundin, að frumvarpið fengi framgang í heild sinni, eða hvort þeir mundu eins á eitt sáttir og þá einkanlega Akureyrarsöfnuður, ef þetta brygðist. Í frumvarpinu er meðal annars farið fram á, að af Akureyrarbrauði skuli greiða 150 kr. árstíllag til Grundarbrauðs, og hefir yður þótt ísjárvert að fallast á þá ákvörðun, herra biskup, en um það vil jeg taka fram, að tillag það, er nauðsynlegt þykir til einstaks rýrðarbrauðs, greiðist því, samkvæmt lögnum 27. febr. 1880, ekki af öðru ákveðnu betra brauði, heldur eru slík tillög greidd úr landssjóði, en í hann renna aptur tillög þau, er lagt er á hin betri brauð að greiða. Verði ákvörðuninni um tillag þetta fram haldið, verð jeg að álíta það óskilegt, að aflað verði skýrrar yfirlýsingar frá nú veranda sóknarpresti Akureyrarbrauðs um, að hann sje fús til að inna tjeð tillag af hendi í landssjóð um sína embættistíð, ef hinar

aðrar fyrirhuguðu breytingar á kalli þessu fá framgang, einkanlega að Munkaþverársókn 3
verði lögð til þess, hvort sem fremsti hluti Lögmannshlíðarsóknar fylgir þar með eða ekki. 18. jan.

— **Brjef landshöfðingja til póstmeistara um drátt á póstsendingum.** — Eptir að 4
jég hefi meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra póstmeistari, um erindi, þar sem útgefandi 21. jan.
blaðsins «Fróða» á Akureyri fer fram á, að fá 50 kr. í skaðabætur fyrir það, að skildir
voru eptir á pósthúsinu á Akureyri í aprilmánuði í vor, er leið, sökum ófærðar, 24
böggjar af prentuðu máli í krossbandi og 15 böggulsendingar, alls 37 pd. að þyngd, —
vil jeg tjá yður það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
hlutaðeigöndum.

Í 13. gr. 3. a. auglýsingar um póstmál frá 3. maí 1872 er tekið fram, að
flutningur böggulsendinga með hinum fyrsta pósti, eptir að þeim er skilað, sje kominn
undir því, að þeim verði komið fyrir í póstinum, og með því að það er ljóst af skjöl-
um málsins, að pósturinn í það sinni, er hjer ræðir um, varð ekki fluttur öðruvísi en
með gangandi mönnum, og að þeir menn, er ráðnir voru til að bera póstin, gátu ekki
flutt annað en brjefasendingar, virðist kærandi enga lagaástæðu hafa til að krefjast
skaðabóta fyrir þær böggulsendingar, er eptir urðu af póstinum við hið nefnda tækifæri.
Nokkuð öðru máli er að skipta um krossbandssendingar þær, er ekki komust með
póstinum, því slíkar sendingar teljast samkvæmt 8. grein pósttilskipunarinnar frá 26.
febr. 1872 með brjefasendingum, er senda skal skilmálalaust með fyrsta pósti; en með
því hvorki 13. grein tilskipunar 26. febr. 1872 nje 22. grein auglýsingar 3. maí 1872
inniheldur neina ákvörðun um skaðabótaábyrgð póststjórnarinnar á drætti þeim, er
kynni að verða á að senda brjefasendingar, og með því að þjer, herra póstmeistari,
hafið áminnt hlutaðeigandi póstafræiðslumann um, að skilja ekki eptirleiðis brjef-
sendingar eptir, verð jeg að fela kærandanum sjálfum að fylgja fram skaðabótakröfu
sinni.

A u g l ý s i n g.

5

Samkvæmt 10. gr. C. 4. fjárlaganna fyrir árin 1882 og 1883, dags. 4. nóvbr. 1881, 25. jan.
skal af 20000 kr. styrk þeim, sem veittur er fyrir hvort árið um sig til eflingar búnaði,
úthluta helmingnum til sýslunefnda og bæjarstjórna, að hálfu eptir fólksfjölda og að
hálfu eptir samanlagðri tölu jarðahundraða og lausafjrhundraða; en hinum helmingi
fjárins skal úthlutað eptir tillögum amtsráðanna að hálfu milli búnaðarfjelaga og
búnaðarsjóða.

Árið 1882 koma því til úthlutunar eptir tillögum sýslunefnda þeirra og bæjar-
stjórna, sem hlut eiga að máli, upphæðir þær, er senn skal greina, og hafa fasteignar-
hundruðin, þá er upphæðir þessar voru reiknaðar út, verið talin samkvæmt jarðabók-
inni 1861, lausafjrhundruðin samkvæmt skattreikningunum fyrir árið 1880 og fólks-
fjöldinn eptir bráðabirgðayfirliti yfir manntalið 1. oktbr. 1880, sem samið var hjer á
landi, áður en manntalsskýrslurnar voru sendar út. Upphæðin til hvers sýslu- eða
bæjarfjelags um sig er sett svo, að á tug standi, en við úthlutunina 1883 mun verða
til þess litið, að sljetta úr ójöfnuði þeim, sem þetta veldur hverju sýslu eða bæjar-
fjelagi um sig: